



Hagkvæmt húsnæði - Viðræðuslit um lóðarvilyrði - Bryggjuhverfi - Abakus

Tillaga:

Óskað er heimildar borgarráðs til þess að slíta viðræðum um lóðarvilyrði til Abakus til uppbyggingar á hagkvæmu húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur við Bryggjuhverfi. Borgarráð samþykkti í maí lóðarvilyrði með fyrirvara um að Abakus legði fram gögn um að félagið hafi fjármagnað 20% eigiðfrjárframlag til verkefnisins og fékk félagið átta vikur frá samþykkt borgarráðs á vilyrðinu til þess að útvega viðkomandi gögn. Sá tímafrestur rann út án þess að borgin fengi nokkur gögn og því er óskað eftir því að viðræðum verði slitið og öðrum teyimum í verkefninu boðið að koma að verkefninu eftir stigaröð.

Greinagerð:

Í Húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar sem var samþykkt í borgarstjórn þann 6. júní 2017 voru tilgreindarsérstakar tillögur um ódýrari íbúðir, ungt fólk og fyrstu kaupendur þar sem áhersla var lögð á uppbyggingu á ríkislóðum sem hafa gengið til borgarinnar en einnig þróunarsvæði við Ártúnshöfða og Gufunes.

Borgin auglýsti síðasta sumar eftir tillögum að hagkvæmu húsnæði og var verkefnum gefin stig samkvæmt matsblaði. Í nóvember 2018 var niðurstaða stigagjafarinnar kynnt fyrir borgarráði og óskað eftir heimild til þess að hefja viðræður við stigahæstu teymin um lóðavilyrði. Sett voru fram skilyrði um að aðilar gætu sýnt fram á 20% eiginfrjárframlag af áætluðum verkefnakostnaði, væru með samning við höfunda tillagna sem voru lagðar fram í samkeppninni og væru búnir að stofna félag um verkefnið.

Fulltrúar Abakus óskuðu eftir því að hefja viðræður um uppbyggingu við Bryggjuhverfið og lauk þeim viðræðum með samþykkt á lóðarvilyrði sem var með þeim fyrirvara að Abakus leggði fram innan átta vikna gögn um getu félagsins til þess að fjármagna 20% eigiðfrjárframlag í verkefnið.

Enginn gögn bárust borginni áður en átta vikna fresturinn rann út.

Virðingarfyllt

Óli Jón Hertervig

